

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Nauthólsvík – USK24050158.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 19. desember 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna breytingar á legu Borgarlínu. Í breytingunni felst breyting á legu Borgarlínu og stoppistöðvar hennar sem færast út af deiliskipulagssvæðinu. Borgarlína mun þvera Nauthólsveg og fara að stoppistöð við Háskólann í Reykjavík sem mun þjóna háskólasvæðinu og Nauthólsvík. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ártúnshöfði – iðnaðarsvæði – Vagnhöfði 7 – USK24030153.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 5. febrúar 2025, breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða – iðnaðarsvæðis vegna lóðarinnar nr. 7 við Vagnhöfða. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar til norðvesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 6. mars 2025.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2025